


Óðurinn til sauð-kindarinnar

Hver man ekki þá tíma þegar listaverk hétu annaðhvort „Komposition“, „An titils“ eða „Nafnlaus“ og það þótti nánast bannorð að myndlist fjallaði um eitthvað annað en sjálfa sig?

Sérhæfingin í þjóðfélaginu náði líka til myndlistarinnar sem átti að fjalla um „hið sjónræna“ eftir að búið var að sótthreinsa það frá öllu sem gat talist frásögn eða tilvísun í eitthvað annað en hreina myndlist. Á sama hátt og skurðlæknir var sérhæfður í að skera lifandi hold, bifvélavirki í að gera við bíla, hagfræðingur í að reikna út hagkerfi og rithöfundur í að segja sögur, þá var myndlistarmaðurinn sérhæfður í hinu sjónræna einu og sér. Um leið og hann fór að blanda sér í hið talaða tungumál, sögurnar, eða sálfræðina, svo ekki sé minnst á bifvéla-virkjunina, hagfræðina eða húsdýrafræðin, þá var hann orðinn fúskari sem skildi ekki sérgrein sína.

Þessir tímar eru löngu liðnir og ástæðan er sú að menn uppgötvuðu smám saman að hið sótthreinsaða sjónræna áreiti var ekki til nema fyrir hið alsaklausa og óspjallaða auga, sem er það sama og hið blinda og alsljóa auga, eins og listfræðingurinn Ernst Gombrich hefur bent á. Eigi myndlistin að miðla einhverju þá hlýtur hún að byggjast á myndlíkingu þannig að augað geti borið það sem það sér saman við eitthvað sem það þekkir af fyrri reynslu. Augað er ekki hlutlaust móttökutæki heldur margvirkt líffæri sem flokkar umsvifalangu þau skilaboð sem því berast niður í ákveðnar kvíar, sundurgreinir viðfangsefnið, velur og hafnar, vegur og metur, allt út frá þeirri þekkingu og reynslu sem það býr yfir.

Kennisetningin um hina „hlutlausu fullnægu“ fagurkerans sem þýski heimspekingurinn Kant setti fram á 18. öldinni hefur reynst



Birgir Andrússon: Helgi II.

Eftir að Helgi hafði legið úti alla nóttina og aðeins haft ylln af kindunum sér til lífs-viðurværis, sagðist honum síðar svo frá.

„Með ösköp getur maður orðið áttaveltur á fjórum, svo ekki sé nú talað um í hriðarbel. Þegar ég heyrði kallað á meg, einhverstaðar úti hriðinni, Helgi! Þá svaraði ég auðvætt að svo, Me he! Ég var orðinn svo kaldur.“

goðsögn og þess vegna er húsdýrafræðin nú orðin viðfangsefni á samsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna undir yfirskriftinni „Óðurinn til sauðkindarinnar“.

Það var vel til fundið af FÍM að leggja þetta tilraunaverkefni fyrir félagsmenn sína og greinilegt að þeir hafa tekið vel við sér. En sýningin „Óðurinn til sauðkindarinnar“ vitnar kannski um fyrrgreindan vanda fremur en nokkuð annað. Hvernig á myndlistin að mæta

Myndlist

Ólafur Gíslason

þeim veruleika sem umlykur hana, hvernig verður árangursrík myndlíking til, hvar getur myndlistin fest hendur á þessum veruleika? Hvernig er til dæmis hægt að sýna sauðkindina í mynd þannig að það hafi einhverja merkingu? Vandinn verður yfirþyrmandi þegar við horfumst í augu við hann og allar þær forskriftir að kindamyndum sem við höfum í kollinum. Það er eins og myndmálið sé orðið viðskila við við-

fang sitt og allar klisjurnar ryðjast fram á vígvöllinn. Margar þeirra sjáum við hér: guðslambið, úlfinn í sauðargærinni, svarta sauðinn, sauðahúsið, páskaambið og blóð þess, slátrið, sláturgerðina o.s.frv., að ógleymdri þeirri lausn að sýna sauðkindina sem form eða ornament eða þá að sýna hana eins og hún var máluð af Jóhanni Briem eða einhverjum öðrum.

Vissulega eru margar lausnir hugvitsamlegar og hnyttar og aðrar unnar með fagmanlegu handverki, en í rauninni eru fá verk á þessari sýningu sem ná að skapa þær myndlíkingar er verða til þess að knýja okkur til endurskoðunar á viðfangsefninu og venslum þess við myndmálið. En það er einmitt við slíkar aðstæður sem upplifun myndlistarinnar verður til að víkka sjónsvið okkar og breyta sýn okkar á umheiminn.

Sú undantekning sem ég upplifði sterkt á þessari sýningu var verk Birgis Andrússonar, „Helgi II“, þar sem samspil ljósmyndar og texta skapar einhverja ólýsanlega nánd við viðfangsefnið. Einnig kunni ég að meta verk Guðbjargar Lindar Jónsdóttur, sem opna ferska sýn á viðfang sitt, og verk Hreins Friðfinnssonar sem virka sterk í einfaldleik sínum. „Minnigakubbar“ Guðrúnar Kristjánsdóttur kveikja líka í ímyndunaraflinu og formrænar úrlausnir Valgarðs Gunnarssonar, Söru Vilbergsdóttur og Ásgerðar Búadóttur eru vel útfærðar.

En fyrst og fremst er þessi sýning ánægjulegt framtak og virðingartekni þar sem allir þátttakendur hafa greinilega tekist á við vandann í fullri alvöru og af metnaði. Er vonandi að framhald verði á slíkum sýningum á vegum FÍM.

Þrjár nýjar handa börnum

Frá Skjaldborg koma nú þrjár bækur til að gleðja börnin.



Kóngsdóttirin og grænn er önnur bókin í flokknum Sögur úr höllinni eftir Heather Amery og Stephen Cartwright sem hafa líka sagt íslenskum börnum Sögur úr sveitinni á undanförunum árum. Þetta eru bækur fyrir byrjendur í lestri, skemmtilega myndskreyttar. Guðbrandur Siglaugsson þýddi.

5 mínútna kisuögur fyrir háttinn er kvöld-sagnaveisla fyrir yngstu börnin og líka tilvalin fyrir krakka sem eru byrjaðir að stauta. Í bókinni eru á annað hundrað örsögur um kettlinga við ýmsar aðstæður sem börnin þekkja og miðað er við að hver saga taki fimm mínútur í lestri. Stórar litmyndir eru við sögurnar. Jón Haukur Brynjólfsson þýddi.




Franklín eignast nýjan vin segir frá skjaldabókunni Franklín og vinum hans. Sögurnar af þeim félögum njóta vinsældar víða um heim en hafa ekki komið út á íslensku áður. Í þessari sögu kemur nýr nemandi í skólann sem Franklín og félögum þykir nokkuð ógnvekjandi því hann er svo stór. Nýi nemandinn er nefnilega elgur! Jón Haukur Brynjólfsson þýddi.



Ísmaðurinn

Þorsteinn Antonsson hefur sent frá sér smásagnasafn sem ber heitið Ísmaðurinn. Á kápu er spurt: „Hvað á Ísmaðurinn frá forsögulegum tíma sameiginlegt með jeppaeiganda í Reykjavík á okkar tíð eða með ungum hjónum í hjúskaparvanda í Grafarvogi? Sögurnar vísa á þvilk ótímabundin viðfangsefni mannfólksins hvar sem er.“

Þorsteinn Antonsson hefur skrifað okkrar skáldsögur en er á seinni árum einkum kunnur fyrir greinar sínar um þjóðmál og menningarmál. Útgefandi er Sigurjón Þorbergsson.



Leið til betri árangurs

Bókaútgáfan Vaka-Helgafell hefur stofnað bókaklúbb fólks og fyrirtækja sem hlaut nafnið Betri árangur og býður upp á „50 mínútna bækur“. Þær eru allar 80 síður og sniðnar fyrir þá sem vilja afla sér símenntunar og ná betri árangri í starfi og einkalífi. Efnið og framsetningin eru miðuð við að hægt sé að ná tökum á viðfangsefninu á sem skemmstum tíma. Fyrsta mánaðarbókin heitir Markvissari fundir og von er á bókunum Náðu betri samningum, Þumalfingerreglur í viðskiptum, Skapandi hugsun, Ráðist gegn streitu, Láttu aðra vinna betur, Nýttu tímann betur og Hraðlestur. Eins og ráða má af þessum titlum er efni bókana í klúbbnum bæði fjölbreytt og hagnýtt.

Nánari upplýsingar fást hjá forlaginu.

Með seiglu- unni hefst það

Minningar Ottós A. Michelsens at-hafnmanns sem Hörpuútgáfan var að gefa út heita Með seiglu unni hefst það. Jóhannes Helgi skráði.

Þetta er sagan af skagfirsku stráknum sem fór til náms í Þýskalandi á stríðsárunum og gerðist seinna frumkvöðull tölvuvæðingar á Íslandi. Ottó segir frá uppvaxtarárunum fyrir norðan, námsárunum í skugga stríðsins, stofnun Skrifstofuvéla og IBM á Íslandi og störfum frumherjans í tölvuvæðingu landsmanna. Einnig frá störfum sínum fyrir Krabbameinsfélagið og Bústaðakirkju.




Fóstbræður

Karlagórinn Fóstbræður hefur vírst vera í uppsveiflu síðustu árin, og tónleikar kórsins í Hallgrímskirkju á laugardaginn staðfestu að svo er. Efnisskráin var einstaklega metnaðarfull því þar var að finna bæði nýtt kórverk samið fyrir kórinn, De ramis cadunt folia eftir Hröðmar I. Sigurbjörnsson, annað kórverk frá okkar öld, Bænir Franz frá Assisi eftir Francis Poulenc og tvo sigilda óperukóra; kór prestanna úr Töfraflautunni eftir Mozart og Pílagrímakórinn úr Tannhäuser eftir Wagner. Björn Steinar Sólbergsson lék á orgel í öllum verkunum nema verki Poulencs, en lék einleik í upphafi tónleikanna, Orgelkórall í E-dúr eftir César Franck.

Eftir hefðbundinn innangang, þar sem kórinn söng Gefðu að móðurmálið mitt, tók Björn Steinar við. Leikur hans á verki Francks var góður. Raddfegurð orgelsins var vel nýtt, og hljómuðu þarna undurfagar og fjölbreyttar raddir úr þessu stórkostlega spillverki. Fjórar litlar bænir eftir Poulenc eru falleg verk. Í fyrstu bæninni gætti svöltilis óöryggis í söngnum, og í annarri bæninni, sem minnti um margt á rússneskan kirkjusöng, var söngurinn ekki nógu hreinn. Í þriðju bæninni var kórinn farinn að sækja í sig veðrið, og söng vel. Fjórdða bænir var ákaflega áhrifarík. Góður einsöngvari úr röðum fyrsta tenórs setti stemninguna, og kórinn tók undir í fallegum söng.

Verk Hröðmars heyrðist fyrst á tónleikum



Í flutningi Fóstbræðra á De ramis cadunt folia var margt mjög fallega sungið – dýnamískt og músikalskt.

kórsins í vor, en þá aðeins í ófullgerðri mynd og mun styttri en nú. Aðalmótíf verksins er grunntónn sem rís upp litla þriund í hlóm, og

Tónlist

Bergþóra Jónsdóttir

svo niður aftur til þess eins að rísa upp í annan öðruvísi hlóm. Undirtónninn verður eins og strengur sem hljómaklasarnir eru festir á í ýmsum tilbrigðum eins og mislitar perlur.

halda spennunni verkið á enda. Þótt flutningur verksins væri ekki hnökralaus verður hann að teljast sigur fyrir kórinn, og vonandi að tónleikagestum verði leyft að heyra það aftur af og til á næstu árum.

Söngur Fóstbræðra á prestakór Mozarts úr Töfraflautunni var fremur daufur – kannski erfitt að syngja hann á eftir hinu mikla verki Hröðmars, en Pílagrímakór Wagners var öruggur og sunginn af mikilli tilfinningu – þótt hann hefði mátt byrja enn rölegar og veikar, til að auka á dramatíkuna. Björn Steinar var í hlutverki hljómseitarinnar í óperukórnum og först það vel úr hendi.